



Minnisblað - girðingamál í nýrri búfjársamþykkt

Á 160. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, þann 18. september 2025, var lögð fram ný samþykkt um búfjárhald auk minnisblaðs bæjarritara, dags. 2. júlí 2025. Kom eftirfarandi fram:

„Núgildandi samþykkt um búfjárhald er frá 2016. Rætt hefur verið um hjá núverandi bæjarstjórn og fyrrum bæjarstjórn að uppfæra þurfi samþykktina. Á árinu 2020 bókaði umhverfis- og framkvæmdanefnd að starfsmanni væri falið að breyta samþykkt um búfjárhald vegna reglna um fiðurfé. Þá var umræða í nefndinni í maí 2021 um breytingar á samþykktinni, en ekki var unnið frekar með málið.“

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkti nýja samþykkt og vísaði henni til samþykktar í bæjarstjórn.

Á 1340. fundi bæjarráðs, þann 22. september 2025, var málið tekið á dagskrá að beiðni formanns. Málið var til umræðu og bæjarráð fól bæjarstjóra að skýra betur ákvæði um girðingamál búfjár í sveitarfélaginu í nýrri búfjársamþykkt, áður en málið færi til samþykktar í bæjarstjórn.

Í framlagðri uppfærðri búfjársamþykkt segir í 4. gr., sem fjallar um umsókn og skilyrði leyfis til búfjárhalds, en búfjárhald er einungis leyfisskylt utan lögbýlis skv. samþykktinni:

Leyfi skal einungis veitt þeim sem getur tryggt örugga vörslu búfjárins allan ársins hring, á viðunandi beitolandi og í gripahúsum og innan gripheldrar girðingar.

Þá segir í 5. gr. samþykktarinnar varðandi almennan aðbúnað og húsakost að

gangi búfé úti á vetrarheit skal umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu.

Í 8. gr. segir

Öll lausaganga búfjár er bönnuð innan þéttbýlismarka Ísafjarðar, Hnífsdals, Suðureyrar, Flateyrar og Þingeyrar. Umráðamaður búfjár skal ábyrgjast að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis og gangi ekki laust utan þess, sbr. 5. gr. laga um búfjárhald. Vörsluhólf búfjár skulu afmörkuð með gripheldum girðingum í samræmi við girðingarlög nr. 135/2001 og reglugerð nr. 748/2002, um girðingar, og ber umráðamaður búfjárins ábyrgð viðhaldi girðinga.

Gangi búfé laust innan þéttbýlismarka, en utan vörslusvæða, skal umráðamanni búfjár tilkynnt um það, sé vitað hver hann er, og hann þá fenginn til að sækja gripina. Að öðrum kosti handsamar Ísafjarðarbær búfé

og telst þá umráðamaður þess búfjár sem það handsamar og skal það vera í umsjón Ísafjarðarbæjar þar til umráðamaður vitjar þess.

Mikilvægt er að áréttta að samþykktir sveitarfélaga geta ekki gengið gegn lögum. Ákvæði um girðingar má finna í lögum nr. 38/2013, um búfjárhald, og girðingarlögum nr. 135/2001, auk vegalaga nr. 80/2007. Sveitarfélagið og umráðamaður búfjár bundinn af ákvæðum þar varðandi ábyrgð á uppsetningu og viðhaldi girðinga og kostnaðar vegna þess.

Um ábyrgð á ágangi búfjár og girðingar segir í 5. gr. laga nr. 38/2013, um búfjárhald.

Sveitarstjórnnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripaheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

Þetta orðalag rímar við nýja búfjársamþykkt. Búfé skal vera í vörslu leyfishafa og innan gripaheldrar girðingar. Leyfishafi skal bera ábyrgð á því. Kostnaðarskipting fer eftir ákvæðum girðingarlaga.

Í núgildandi samþykkt Ísafjarðarbæjar frá 2016 segir „Öll lausaganga búfjár innan girðinga sem umlykja þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar samkvæmt fylgiskjali með samþykkt þessari, er bönnuð... Gangi búfé laust innan girðinga skal umsjónarmanni tilkynnt um það, sé vitað hver hann er, og hann fenginn til að sækja gripina“ og „Gangi búfé úti á vetrarheit skal eigandi eða umráðamaður þess ábyrgjast nægilegt fóður, viðunandi skjól og örugga vörslu.“

Ekki er því um breytingar á efnisreglum varðandi ábyrgð girðinga að ræða með nýrri samþykkt.

Með breytingu á girðingarlögum árið 2001 voru sérákvæði um girðingar í þéttbýli felldar niður. Ástæðan var sú að rétt þótti að ein lagagrein fjallaði um girðingar og gildi sama regla í öllum tilvikum.

5. gr. girðingarlaga er svohljóðandi um **samgirðingar** varðandi kostnað við uppsetningu:

Nú vill umráðamaður lands girða það og hefur hann þá rétt til að krefjast þess að sá eða þeir sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði greiði girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins og er það meginreglan. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu náí aðilar um það samkomulagi. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá er samgirðingar óskar hafa samráð við þann eða þá sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði og leggja fram tillögur um tegund girðingar. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í

hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá eða þeir er samgirðingar eru krafðir þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins getur sá er girða vill beint tilmælum til viðkomandi búnaðarsambands um að tilnefna fagaðila til að skera úr um ágreining, sbr. ákvæði 7. gr. Telji úrskurðaraðilar að sá sem girða vill eigi rétt á samgirðingu getur hann sett girðinguna upp og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar er hinum ber að greiða, enda hafi ekki verið reist dýrari girðing en úrskurðaraðilar töldu nauðsynlegt.

Eigendur eða ábúendur jarða sem að afrétti liggja geta krafist girðingar á milli **afréttar** og heimalanda sinna, verði þeir fyrir verulegum ágangi afréttarpenings, sbr. 6. gr. girðingarlaga.

Vilji meiri hluti landeigenda sem eiga lönd er liggja að afrétti girða milli afréttar og heimalanda sinna skulu eigendur eða notendur afréttar greiða $\frac{4}{5}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða $\frac{1}{5}$. Þó er hægt að semja um aðra skiptingu kostnaðar náí aðilar um það samkomulagi. Ef forráðamenn sveitarfélaga ákveða einhliða að reisa slíka girðingu greiðir sveitarfélagið allan stofnkostnað girðingarinnar. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins fer um það eins og segir í 5. og 7. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, nema þeirra girðinga er Vegagerðin setur upp, sbr. vegalög, nr. 45/1994.

Þá má vinna ákvæði um **viðhaldsskyldu** girðinga í 11. gr. girðingarlaga.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5.–10. gr. er skylt að halda við, þannig að hún sé gripheld, svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir og þar til snjó leggur. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta er hinum heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi búnaðarsamband, að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni og á hann þá rétt til bóta frá þeim sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða varðar það sektum og skaðabótum til tjónþola.

Nú er hætt að nota samgirðingu og jafnframt að halda henni við og er þá girðingareigendum skylt að taka hana upp svo að hún valdi ekki tjóni.

Þá fjallar X. kafli vegalaga um girðingar og göng fyrir búfé, s.s. um girðingar meðfram og yfir og undir vegi og framkvæmd viðhalds og kostnaðarskiptingar.

Fyrir nokkrum árum fjallaði Sambandið um meðferð ágangsfjár og forvarnir vegna þess. Á vefsvæði þess má finna leiðbeiningar fyrir sveitarfélög.

Leiðbeiningar þessar skiptast í fimm kafla:

1. Ábendingar um stjórnslu
2. Málsmeðferð
3. Ágangur fjár af afrétti í heimalönd
4. Ágangur búfjár á milli heimalanda
5. Forvarnir gegn ágangi fjár (girðingar).

Í kaflanum um ágang á milli heimalanda er fjallað um ágang þar sem vörsluskylda er fyrir hendi, ágangsfé sem vanrækt hefur verið að reka á afrétt og ágang þar sem lausaganga er heimil.

Í leiðbeiningunum er gengið út frá því að orðið „ágangur“ merki beit í óþökk umráðaaðila viðkomandi lands, að „afréttur“ merki land utan byggðar sem nýtt er til sameiginlegrar sumarþeitar og er tilgreint í afréttaskrá og að „heimalönd“ séu ræktuð tún og garðar eða annað land í einkaeigu sem ekki er skilgreint sem afréttur í afréttaskrá.

Leiðbeiningar Sambandsins vísa til búfjárlaga og girðingarlaga varðandi ábyrgð á girðingum, uppsetningu, og kostnaðarskiptingu.

Samantekt upplýsinga um smölun og ágang samkvæmt leiðbeiningum Sambandsins:

Stjórnslu og málsmeðferð

Ákvarðanir um smölun ágangsfjár á kostnað eiganda eru stjórnsluákvarðanir sem sveitarstjórn ber að taka, hafi hún ekki falið ákvörðunarvald varðandi þær öðrum, fyrir sína hönd, t.d. með fullnaðarsamþykktum. Þá þarf að horfa til Fjallskilasamþykktar sveitarfélags.

Sveitarfélög geta komið á vörsluskyldu búfjár árið um kring eða hluta úr ári, í sínum samþykktum. Vörsluskylda einfaldar umsýslu varðandi ágang búfjár þar sem hún tekur af allan vafa um það að það sé búfjáreigenda að verja land annarra gegn ágangi með því að halda búfé sínu innan girðingar.

Berist sveitarfélagi beiðni um smölun ágangsfjár frá umráðamanni lands ber að taka hana til efnislegar meðferðar. Afla þarf upplýsinga um og taka afstöðu til ýmissa þátta. Í ljósi þess að sveitarfélagið þarf mögulega að taka íþyngjandi ákvörðun ber að gæta að rannsóknarreglu, tilkynna málsaðilum um meðferð máls, huga að andmælarétti málsaðila nema slíkt sé augljóslega óþarft, tilkynna um niðurstöðu máls, rökstyðja niðurstöður gagnvart málsaðilum ef þess er óskað og leiðbeina um kæruleiðir. Einnig ber að gæta meðalhófs í aðgerðum, s.s. með því að gefa eiganda kost á að sækja fé sitt sjálfur áður en stofnað er til kostnaðar fyrir hans hönd. Þá tekur sveitarstjórn stjórnsluákvarðun um málið.

Ágangur búfjár af afrétti í heimalönd

Ef um er að ræða ágangsfé sem kemur af afrétti ber sveitarstjórn að sjá til þess að ágangsfé sé rekið á afréttinn að nýju sbr. 31. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

Ágangur búfjár á milli heimalanda

Ef ekki er um að ræða ágangsfé sem rekið hefur verið á afrétt er um að ræða ágang á milli heimalanda sbr. 33. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Í því ákvæði kemur fram að verði ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað geti sá sem fyrir verður kært til lögreglustjóra. Stafi ágangurinn af búfé, sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber sveitarstjórn að sjá um, að eigendur reki fénaðinn til afréttar. Vanræki þeir það, lætur hún reka á þeirra kostnað. Stafi ágangur hins vegar af búfé, sem heimilt er að hafa í heimahögum, ber sveitarstjórn að láta smala ágangsfénaði og reka þangað, sem hann á að vera, á kostnað eiganda, nema annað sé ákveðið í fjallskilasamþykkt. Sinni sveitarstjórn ekki þessum skyldum sínum að mati lögreglustjóra skal hann láta smala ágangsfénaði á kostnað eiganda.

Ágangur þar sem vörsluskylda er fyrir hendi

Samkvæmt 5. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 er sveitarstjórnnum heimilt að setja á vörsluskyldu búfjár, þ.e. skylda umráðamenn búfjár til að hafa það í vörslu innan búfjárheldra girðinga allan ársins hring eða hluta úr ári. Lausaganga búfjár er þá bönnuð í sveitarfélaginu. Vörsluskylda tekur af allan vafa um að það sé búfjáreigenda að verja land annarra gegn ágangi með því að halda búfé sínu innan girðingar.

Ákvæði um vörsluskyldu í samþykkt um búfjárhald og um viðurlög við brotum gegn þeim geta einfaldað málsmeðferð þegar kvartanir berast, enda mætti þá eigendum búfjár vera ljóst hverjar afleiðingar þess að sinna ekki vörsluskyldunni eru. Heimildir sveitarfélags til að bregðast við lausagöngu eru þá skýrari en ella, sem og heimildir til innheimtu kostnaðar við handsömun eða smölun.

Engu að síður ber að gæta að almennum málsmeðferðarreglum við ákvörðun um smölun eða handsömun fjárins á kostnað eiganda. Meta þarf hvort tilefni er til að veita fjáreiganda andmælarétt, en sveitarstjórn ber að gæta meðalhófs í aðgerðum sínum. Þannig er ekki úr vegi að freista þess að fá búfjáreiganda til að sækja fé sitt sjálfur áður en stofnað er til kostnaðar fyrir hans hönd. Hafa ber í huga hvort afla þurfi samþykkis landeiganda fyrir því að viðkomandi fari um land hans og smali fénu.

Við ákvörðun frests búfjáreiganda til að sækja fé sitt er rétt að vega og meta hagsmuni landeiganda af því að losna undan áganginum, meðal annars með tilliti til tjónahættu.

Sé það niðurstaða sveitarfélagsins að tilefni sé til að smala ágangsfé úr heimalandi, getur sveitarfélagið skorað á eiganda búfjár að sækja búfénað sinn og gefið honum kost á að gera það án aðkomu sveitarfélagsins. Rétt er að tilgreina frest búfjáreiganda til þess að koma búfénu í rétt heimaland og vekja athygli á heimildum sveitarfélagsins til að smala á hans kostnað verði hann ekki við tilmælunum. Sé veruleg hættu á að búfénaðurinn valdi tjóni skal taka tillit til þess við ákvörðun

frestsins og mögulega gera ráðstafanir til að forða tjóni, s.s. að taka féð í vörslu sveitarfélagsins.

Ágangsfé sem vanrækt hefur verið að reka á fjalla

Ef mælt er fyrir um það í viðkomandi fjallskilasamþykkt að skylt sé að reka fé á afrétt, og ágangur stafar af búfenaði sem vanrækt hefur verið að reka á fjall eftir fyrirmælum fjallskilasamþykktar, ber sveitarstjórn að sjá til þess að eigendur reki hann til afréttar. Sinni þeir ekki slíkum kröfum ber sveitarstjórn að reka féð á afrétt á þeirra kostnað.